

Bolungarvíkurkaupsstaður
Aðalstræti 10-12
415 Bolungarvík

7. apríl 2026
UOS-2462/H.M.V.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 10. nóvember 2025 – ID 28

Þann 10. nóvember sl. fór fram reglubundið eftirlit með urðunarstað Bolungarvíkurkaupsstaðar að Hóli. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eldri frávik sem opin voru þegar eftirlitið fór fram:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Frávik sett fram fyrst árið 2022 og aftur árið 2024 og varðar að árið 2023 var tekið við 52,6 tonnum af viðarúrgangi inn á urðunarstað (litað og hreint timbur). Ekki er heimild í starfsleyfi fyrir móttöku á viðarúrgangi nema til jarðgerðar. Engin jarðgerð fer fram á urðunarstaðnum og hefur timbrið verið nýtt í fyllingu skv. rekstraraðila, en timbur telst ekki sem óvirkur úrgangur og skráist móttaka þess að Hóli því í urðun. Urðun timburs á urðunarstað Bolungarvíkur er óheimil. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila dags 20. janúar 2025 kom fram að rekstraraðili hyggðist ætla að kurla viðarúrganginn og blanda honum við garðaúrgang sumarið eftir og það efni svo nýtt til að gera jarðvegsmön til að bæta yfirborð svæðisins í samræmi við starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða. Bent er á að Umhverfis- og orkustofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við 65. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, XIV. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Umhverfis- og orkustofnun gerði athugasemdir við úrbótaáætlunina og leiðbeindi rekstraraðila frekar en ekki hefur komið fram uppfærð úrbótaáætlun frá rekstraraðila. Stofnunin bendir á að tilgangur urðunarstaðarins að Hóli er að taka á móti óvirkum úrgangi til förgunar, ásamt því er heimild til geymslu efnis sem bíður jarðgerðar. Bent var á að timburúrgangur er ekki hentugur úrgangur í fyllingar, einnig er urðunarstaðurinn að Hóli ekki fyllingarstaður heldur urðunarstaður. Öll starfsemi verður að vera í samræmi við starfsleyfi urðunarstaðar. Bent er á að fyllingar þar sem endurnýtt eru meira en 500 tonn af úrgangi á ári er tilkynningaskyld framkvæmd til Skipulagsstofnunar (sbr. 19. gr. laga nr.**

111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana). Sækja þarf um breytingu á starfsleyfi fyrir frekari meðhöndlun úrgangs.

2. Gr. 2.3 í starfsleyfi og var sett fram í eftirliti ársins 2023 og varðar að aðgengi inn á urðunarstað skuli vera takmarkað. **Bætt hefur verið úr þessu fráviki og er nú aðgengi inn á urðunar takmarkað og girðingar í lagi. Fráviki er lokið.**
3. Gr. 3.10 í starfsleyfi, frávik var sett fram í eftirliti ársins 2024 (og fyrr). Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarrein skal birgður samdægurs með þekjuefni sem kemur í veg fyrir fok, ónæði, ólykt, hættu og aðgang meindýra. Ekki var um frágang að ræða á urðunarstaðnum í samræmi við starfsleyfi. **Rekstraraðili lagði fram tímalínu til úrbóta þar sem áætlað var að fara í frágang á mön og yfirborði en áætlanir hafa ekki gengið eftir að fullu og er því frávikið enn opið. Bent er á athugasemdir varðandi eldra frávik nr. 1.**
4. Gr. 4.1 í starfsleyfi og varðar ófullnægjandi skráningar er eiga við árið 2023. **Sjá frávik nr. 5 hér að neðan.**
5. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Ekki hafa verið framkvæmdar mælingar á hæð grunnvatnsborðs árlega í samræmi við starfsleyfi. Samsetning grunnvatns er mæld annað hvert ár, var síðasta mæling gerð árið 2023 (gæta skal að mælingar séu framkvæmdar í takti við þær tímaáætlanir sem koma fram í starfsleyfi). **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila var áætlað að tryggt yrði að mælingar færu fram á fyrri hluta ársins 2025, við hagstæðari veðurskilyrði en skv. rekstraraðila hafði snjór áhrif á að ekki var unnt að framkvæma þær. Einnig yrði tryggt með bættum ferlum að skila niðurstöðum innra eftirlits og innan tilskilins tíma. Úrbætur stóðust ekki, þar sem engum skráningum hefur verið skilað og tímafrestur ekki virtur.**
6. Gr. 4.4 í starfsleyfi og varða skil á skráningum til Umhverfisstofnunar vegna skráninga ársins 2023. **Sjá niðurstöðu hér að ofan, varðandi frávik nr. 5.**

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

Sjö frávik komu fram er varða:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Timbur, garðyrkju og skógræktar úrgangur er urðaður inn á urðunarstað hreppsins og er ekki farið sbr. viðmiðunum fyrir urðunarstaði þar sem tekið er á móti óvirkum úrgangi í gr. 2.1.1 í viðauka II í rg. nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Timbur, garðyrkju og skógræktarúrgangur (annar en garðaúrgangur) samræmist ekki móttökuskilyrðum starfsleyfis og flokkast ekki sem óvirkur úrgangur og því er urðun þess úrgangs inn á urðunarstað óheimil. Heimilt er að taka á móti hreinum viðarúrgangi og garðaúrgangi til jarðgerðar, en engin jarðgerð fer fram á staðnum. **Stofnunin bendir á að allur atvinnurekstur ber að hafa tilskilin starfsleyfi, m.a. jarðgerð og meðhöndlun úrgangs eftir því sem við á sbr. gr. 6 laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Til upplýsinga, þarf jafnvel að huga að**

skráningaskyldu á jarðvegsbætandi efnum hjá Matvælastofnun eftir því sem við á.

2. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Inn á urðunarstað er mótttekinn úrgangur árið 2024 sem bíður förgunar sem ekki flokkast sem óvirkur úrgangur sbr. viðmiðanir fyrir urðunarstaði þar sem tekið er á móti óvirkum úrgangi, sbr. k. 2.1. í viðauka II í rg. nr. 738/2003. Er þar m.a. úrgangur úr lituðu og meðhöndluðu timbri, plasti, bárujárni og annar niðurrifsúrgangur.
3. Gr. 2.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skulu þau endurskoðuð á a.m.k fjögurra ára fresti. Rekstraraðili skal stuðla að endurnýtingu úrgangs eins og kostur er sbr. 7. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Engin umhverfismarkmið lágu fyrir við eftirlit.
4. Gr. 2.2 í starfsleyfi. Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og innra eftirlits rekstraraðila við eftirlitsaðila ásamt framkvæmd viðbragðsáætlana. Umhverfis- og orkustofnun var ekki upplýst um breytingar á tengilið vegna breytinga hjá rekstraraðila.
5. Gr. 2.5 í starfsleyfi. Ekki lá fyrir viðbragðsáætlun við eftirlit. Áætlunin skal vera tiltæk og aðgengileg við eftirlit. Viðbragðsáætlun grundvallast á 18. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.
6. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili hefur ekki tekið saman skráningar vegna vöktunar og innra eftirlits vegna ársins 2024.
7. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Niðurstöðum skráninga innra eftirlits og vöktunar var ekki skilað innan tilskilins tíma og hafa ekki enn borist stofnuninni.

Rekstraraðili skal tryggja að starfsemin sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða settra skv. þeim, starfsleyfisskilyrði og almennar kröfur, sbr. 1. mgr. 40. gr. l. nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfis- og orkustofnun óskar eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna framangreindra frávika, sbr. 2. mgr. 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirliti. **Áætlunin skal hafa borist stofnuninni eigi síðar en 28. apríl 2026.**

Verði úrbætur ekki unnar á einstaka frávikum eða úrbótaáætlun gerð vegna þeirra þá mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Vakin er athygli á gjaldskrá Umhverfis- og orkustofnunar, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr., sbr. og 1. mgr. 1. gr. auglýsingar nr. 1033/2025. Stofnunin innheimtir gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni eftirlits og beitingu þvingunarúrræða. Gjaldið er kr. 22.400 á klst. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar

Virðingarfyllst,

Halla Margrét Viðarsdóttir
séfræðingur, teymi eftirlits

María Svavarsdóttir
séfræðingur, teymi eftirlits